

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Efra-Hrísness í landi Gufuár við Hálsabyggð í landi Ánabrekku í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 15. desember 1998.*

**Sigurður Páll Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## REGLUGERÐ

### um niðurfellingu flutningsjöfnunargjalds af olíuvörum.

1. gr.

Ekki skal innheimta flutningsjöfnunargjald af olíuvörum vegna reksturs álversins á Grundartanga. Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara jafnar ekki flutningskostnað vegna rekstursins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, öðlast gildi 1. febrúar 1999.

*Iðnaðarráðuneytinu, 11. desember 1998.*

**Finnur Ingólfsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Malbikunarstöðina Höfða, Sævarhöfða 6-12, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Malbikunarstöðina Höfða, kt. 581096-2919, Sævarhöfða 6-12, Reykjavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. desember 2002.

*Reykjavík, 15. desember 1998.*

*Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

\_\_\_\_\_  
*Ólafur Pétursson.*